

## Samskeytalaus iðnaðargólf - tæknilýsingarblað

### Efnislýsing:

ULTRA 5000 er þriggja þátta leysiefnalaust fjölliðuefni sem samanstendur af ólituðum kvarssandi og lituðu tveggja þátta epoxý bindiefni (einnig hægt að fá efnið fyllt áloxýði HD). ULTRA 5000 er lagt um það bil 5mm þykkt og er ákjósanlegt þar sem vatns-, efna- og lyftaraálag er mikið.

### Kostir:

Helstu kostir ULTRA 5000 eru, að það er sterkt, fljótlegt er að leggja gólfefnið og auðvelt að leggja það í húlkíl við vegg. ULTRA 5000 er með upphleyptri áferð og því minni hætta á hálfu. Gólfefnið er samskeytalaust og því auðvelt að þrifa það. Það er leysiefnalaust og því ekki mengandi fyrir matvæli eða umhverfið, hvorki við lögn né eftir á.

### Notkunarvið:

Helsta notkunarvið ULTRA 5000 er gólf í matvælaíðnaði svo sem í fisk- og kjötvinnslum þar sem álag er mikið og krafa er um hálfufrítt yfirborð. Til að auka styrk efnisins er hægt að setja áloxíð fylliefni í stað kvarssands. Hægt er að fá ULTRA 5000 í nokkrum staðallitum.

### Eiginleikar:

**Þrýstipól:** 88 N/mm<sup>2</sup>


**Beygjupól:** 30 N/mm<sup>2</sup>

**Fjaðurstuðull:** ca. 12200 N/mm<sup>2</sup>

**Togstyrkur:** meiri en steypu

**Hitapól:** allt að 60°C

**Efnapól:** Leitið upplýsinga



### Vinnslutími:

- ◆ Tími við lögn: 3-4 dagar
- ◆ Gönguhæft: 18-20 klst/20°C
- ◆ Lyftaraumferð: 48 klst/20°C

### Vinnsluferli:

Steinsteypa þarf að vera minnst 28 daga gömul frá lagningu, undirlag sé með a.m.k. 25N/mm brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja yfirborðið með epoxý bindiefni, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C á meðan lögn fer fram.

Lagning ULTRA 5000 skal eingöngu framkvæmd af sérþjálfuðum lagningarmönnum.

### Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. Dekkjaför og önnur illþrifanleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaíðnaði er almennt nægjanlegt að þrifa með 50°C heitu vatni og hreinsiefnum skv. Þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.